



Fréttatilkynning

26.3.2020

Aðgerðir í efnahagsmálum vegna Covid -19

Borgarráð samþykkti einróma á fundi sínum fyrstu aðgerðir til að bregðast við áfallinu sem Covid-19 faraldurinn hefur í för með sér með áherslu á velferð borgarbúa, afkomu þeirra og grunnstoða borgarsamfélagsins sem þurfa að standa af sér víðtækar afleiðingar faraldursins.

Allt frá því að Covid-19 faraldurinn kom til landsins hefur það verið frumskylda Reykjavíkurborgar að veita og tryggja órofna grunnþjónustu. Á sama tíma hefur verið unnið að efnahagslegri sviðsmyndagreiningu á mögulegum afleiðingum og eru tillögurnar sem samþykktar voru í morgun í samræmi við þá greiningu.

Markmið aðgerðanna er að stytta niðursveifluna eins og kostur er, verja lífsafkomu og lífskjör allra borgarbúa, styðja við endurreisn fyrirtækja og atvinnulífs og skapa á ný fjölbreytta og blómlega framtíð í lífsgæðaborg. Á sama tíma ætlar borgin að fylgjast náið með þróun aðstæðna hjá einstaklingum, fjölskyldum og atvinnulífi næstu misseri og með sérstakri Borgarvakt í velferðar- og atvinnumálum.

Aðgerðir borgarinnar eru 13 talsins. Þær ná til frestunar gjalda og aukins svigrúms fyrir heimili og fyrirtæki og lækkunar fasteignagjalda. Framkvæmdum borgarinnar og fyrirtækja hennar, Orkuveitu Reykjavíkur, Faxaflóahafna og Félagsbústaða, verður flýtt, farið verður í uppbyggingu húsnæðis og markaðsátaks í ferðaþjónustu með áherslu á Reykjavík sem áfangastað. Sérstaklega er litið til skapandi greina, nýsköpunar, þekkingargreina, menningar, íþróttar, lista og viðburðahalds. Áhersla verður lögð á vinnumarkaðsaðgerðir, þá einkum til þeirra hópa sem mögulega fara illa út úr ástandinu, einyrkja og fólks af erlendum uppruna.

1. Frestun gjalda, niðurfelling og lækkun

Gjöld heimila og fjölskyldna verða felld niður eða lækkuð vegna skertrar þjónustu, sóttkvíar og annarra viðbragða vegna Covid-19. Fyrirtækjum verður gefinn kostur á að fresta allt að þremur gjalddögum fasteignaskatta vorið 2020 og skoðuð önnur frestun og/eða lækkun þegar um er að ræða tímabundið tekjufall, sbr. lið 1 e.

- a. **Heimili.** Leikskólar, grunnskólar og frístund. Gjöld verða lækkuð, felld niður eða leiðrétt í samræmi við skerðingu þjónustu vegna Covid-19, skv. nánari reglum. Þá taka árskort t.d. sundkort og menningarkort mið af skerðingum opnunartíma og gildistími framlengdur sem því nemur.
- b. **Fyrirtæki.** Veittur verði frestur á greiðslu allt að þriggja gjalddaga fasteignaskatta atvinnuhúsnæðis vegna ársins 2020, skv. lögum og nánari reglum. Fasteignaeigendur eru hvattir til að leigjendur þeirra njóti góðs af þeirri frestun líkt og stór fasteignafélög á markaði hafa gefið fyrirheit um.
- c. **Lækkun fasteignaskatta.** Lækkun fasteignaskatta af atvinnuhúsnæði í Reykjavíkurborg verði flýtt og verði 1,60% á árinu 2021.

- d. **Frestun leigu.** Borgarráð beinir því til fjármála- og áhættustýringarsviðs að móta reglur um frestun eða afslátt af leigu þriðja aðila í atvinnurekstri í húsnæði Reykjavíkurborgar á grundvelli umsókna, vegna tímabundins tekjufalls í ljósi sérstakra aðstæðna.
- e. **Frestun gjalda.** Borgarráð beinir því til fyrirtækja borgarinnar að skoða möguleika á frestun gjalda og/eða lækkun þegar um er að ræða tímabundið tekjufall, skv. nánari reglum.

2. Sveigjanleiki í innheimtu og gjaldfrestum

Fjármála- og áhættustýringarsviði verði falið að gera tillögu að tímabundnum breytingum á innheimtureglum Reykjavíkurborgar sem feli í sér aukinn sveigjanleika varðandi greiðslufresti í ljósi tímabundins tekjufalls og óvissu, sem nái hvoru tveggja til heimila og fyrirtækja. Tillagan á að tryggja að jafnræðis og góðrar stjórnsýslu verði gætt og tekið mið af gildandi lögum. Markmiðið er að auka sveigjanleika í ljósi núverandi ástands, innheimta verði sanngjörn og dráttarvextir og kostnaður í lágmarki um leið og jafnræðis og hagsmuna borgarinnar verði gætt. Reglurnar verði lagðar fyrir borgarráð til staðfestingar.

3. Borgarvakt í velferðar- og atvinnumálum

Tölulegum gögnum og staðreyndum um þróun aðstæðna hjá einstaklingum, fjölskyldum og atvinnulífi verður safnað á vettvangi Reykjavíkurborgar næstu mánuði og misseri til að leggja grunn að frekari tillögugerð og aðgerðum sem ýmist verður beint til borgarráðs, fagráða Reykjavíkurborgar, ríkis eða sameiginlegs vettvangs sveitarfélaga eða annarra aðila. Í samráði við hagsmunaaðila verður fylgst með lykilþáttum og áhrifum stöðunnar á atvinnulíf og samfélag, líf skjör og húsnæðismarkað með sérstakri áherslu á börn og menntun þeirra, barnafjölskyldur, fatlað fólk, eldra fólk, atvinnulausa og viðkvæma og útsetta hópa.

4. Ferðaþjónusta og ferðaþjónustutengdar greinar

Stutt verði við eftirspurn eftir heimsóknum ferðamanna til Reykjavíkur um leið og það er metið tímabært.

- a. **Markaðsátak stjórnvalda og Íslandsstofu.** Reykjavíkurborg verði virkur þátttakandi í útfærslu og framkvæmd markaðsátaks stjórnvalda í ljósi Covid-19.
- b. **Markaðsátak Reykjavíkur.** Menningar- og ferðamálasvið útfæri sérstaka markaðssetningu Reykjavíkur sem viðbrögð við hruni í ferðaþjónustu fyrir árin 2020-2021. Áætlaður kostnaður Reykjavíkurborgar verði ætlaður að lágmarki 150 milljónir króna. Tillögur liggi fyrir í maí.

5. Nýsköpun og ný tækni

Fjárfestingum í innleiðingu nýrrar tækni hjá Reykjavíkurborg verði flýtt og opnað fyrir aðkomu frumkvöðla og nýsköpunarumhverfisins að lausnaleyti á grundvelli nýrrar nýsköpunarstefnu. Tillögur liggi fyrir í maí nk.

6. Skapandi greinar

Haldið verði áfram að skapa skapandi greinum betri skilyrði til vaxtar til lengri tíma með áherslu á að skapa aðstöðu og vinnurými, m.a. í tengslum við nýjan klasa skapandi greina í Gufunesi. Tillögur liggi fyrir í maí nk.

7. Þekkingargreinar

Unnin verði áætlun um frekari uppbyggingu þekkingartengdra greina í samvinnu við Háskóla Íslands, Vísindagarða, Háskólann í Reykjavík og Landspítalann. Tillögur liggi fyrir í maí nk.

8. Menning, listir, íþróttir og viðburðahald

Unnar verði tillögur um aðgerðir og viðspyrnu í menningar-, íþrotta- og listalífi Reykjavíkurborgar í samvinnu við Bandalag íslenskra listamanna, ÍBR o.fl. Tillögur liggi fyrir í maí nk.

9. Markvissar vinnumarkaðsaðgerðir

Nauðsynlegar vinnumarkaðsaðgerðir sem viðbrögð gegn atvinnuleysi verða þróaðar tímalega einsog tilefni verður til. Unnið verði í samvinnu við ríkið og aðila vinnumarkaðarins þar sem sérstaklega verði lögð áhersla á hópa sem skv. greiningum verða illa úti í ástandinu, s.s. einyrkja, fólk af erlendum uppruna og konur. Áhersla verði lögð á að bjóða starfstækifæri, starfsnám og íslenskukennslu og aðra menntun á atvinnuleysisbótum.

10. Flýting fjárfestinga og viðhalds á vegum Reykjavíkurborgar og fyrirtækja hennar

Fjárfestingum verður flýtt og viðhald aukið til að auka atvinnu og umsvif í efnahagslífinu þegar á þessu ári. Viðbótarfjárfestingar borgarsjóðs og B-hluta fyrirtækja geta samanlagt orðið um 5 milljarðar króna á árinu og enn meiri árið 2021. Efnt verði til viðræðna við ríkið um kostnaðarhlutdeild, skatta og gjöld í tengslum við framkvæmdirnar.

- a. **Fjárfestingar borgarsjóðs** (A-hluta) í nýframkvæmdum og viðhaldi verði auknar um 2,5 milljarða árið 2020 með áherslu á mannaflsfræk og virðisaukandi verkefni.
- b. **Orkuveita Reykjavíkur** og dótturfélög. Verið er að útfæra viðbótarfjárfestingar OR.
- c. **Félagsbústaðir** vinna að áætlun um viðbótar búsetuúrræði og íbúdir.
- d. **Faxaflóahafnir** hafa ásamt Veitum útfært áætlun um orkuskipti í höfnum og munu eiga viðræður við ríkið um að ráðast í verkefnið.

11. Undirbúningi fjárfestingarverkefna á vegum Reykjavíkurborgar verði flýtt

Samkeppnum um skipulag og hönnun fjárfestingarverkefna verði flýtt og gerð deiliskipulags vegna þeirra verði sett í forgang. Þar er meðal annars um að ræða samkeppni um **Samgöngumiðstöð Reykjavíkur** á umferðarmiðstöðvarreit, samkeppni um stærra borgarbókasafn í **Grófarhúsi**, samkeppni um endurnýjun og endurgerð **Laugardalslaugar** og stúku Laugardalslaugar, samkeppni um nýja skóla, fjölgun ungbarnadeilda og nýrra leikskólalássa sem hluti af **Brúum bilið**, markaðskönnun á bílastæðahúsi, samkeppni um **Fógeta-torg/Víkurgarð**, skipulag nýrra hverfiskjarna í Arnarbakka og Völvufelli og hugsanlega víðar.

12. Undirbúningi fjárfestingarverkefna í samvinnu við ríkið verði flýtt

Breytingar á deiliskipulagi og undirbúningi vegna fjárfestingarverkefna ríkisins sem vilji er til að fari af stað verði sett í forgang, s.s. brýn samgönguverkefni á höfuðborgarsvæðinu, nýjum hjúkrunarheimilum, uppbyggingu á vegum Háskóla Íslands, Háskólans í Reykjavík, Nýs Landspítala, auk annarra verkefna skv. nánara samkomulagi.

13. Átak í uppbyggingu fjölbreytts og hagkvæms húsnæðis

Til að koma í veg fyrir fyrirsjáanlegan skort á húsnæðismarkaði verði ráðist í nýtt átak í húsnæðisuppbyggingu með áherslu á hagkvæmar íbúðir, almennar íbúðir og öruggt og nægjanlegt framboð lóða og aukins byggingarréttar á grundvelli aðalskipulags Reykjavíkur. Áætlun um lóðaúthlutanir, frekari stofnframlög og húsnæðisuppbyggingu verði uppfærð í samráði við verkalýðshreyfinguna, uppbyggingarfélög án hagnaðarsjónarmiða, Samtök iðnaðarins, Húsnæðis- og mannvirkjastofnun og stjórnvöld. Áfangaskil verði í maí og fullmótuð áætlun liggi fyrir í september.

Nánari upplýsingar veitir Pétur Krogh Ólafsson, aðstoðarmaður borgarstjóri í síma 664 6616